

## Fwd: Víkingahátíð í Hafnarfirði 2018

**Til** : Sigríður Kristinsdóttir;Auður Þorkelsdóttir  
**Frá** : Haraldur Líndal Haraldsson  
**Heiti** : Fwd: Víkingahátíð í Hafnarfirði 2018  
**Málsnúmer** : 1802258  
**Málsaðili** : Rimmugýgur,áhugamannafélag  
**Skráð dags** : 15.02.2018 06:01:03  
**Höfundur** : Haraldur Líndal Haraldsson

Sælar,

Fer þetta ekki fyrir bæjarráð með umsóknum um styrki.

Kv,

HLH

Sent from my iPad

Begin forwarded message:

**From:** Hafsteinn Kúld Pétursson <[hafsteinn@rimmugygur.is](mailto:hafsteinn@rimmugygur.is)>  
**Date:** 14 February 2018 at 21:41:12 GMT  
**To:** Haraldur Líndal Haraldsson <[hlh@hafnarfjordur.is](mailto:hlh@hafnarfjordur.is)>  
**Cc:** Andri Ómarsson <[andriom@hafnarfjordur.is](mailto:andriom@hafnarfjordur.is)>  
**Subject:** Víkingahátíð í Hafnarfirði 2018

Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

**Efni: Ósk um aðstoð við Víkingahátíð í Hafnarfirði**

*Víkingafélagið Rimmugýgur óskar eftir því að Hafnarfjarðarbær aðstoði við að halda víkingahátíð á Víðistaðatúni 14. - 17. júní 2018.*

Ágæti viðtakandi

Þar sem Fjörukráin hefur ákveðið að halda ekki víkingahátíð í Hafnarfirði í sumar stefnum við á að taka við og halda veglega hátíð á Víðistaðatúni dagana 14. - 17. júní. Við óskum eftir leyfi til að nota allt túnið sem við fengum til afnota á síðasta ári, salerni sem þar er og að fá gístaðstöðu í íþróttahúsi Víðistaðaskóla fyrir þátttakendur.

Nú þegar hefur fjöldi erlendra sem innlendra víkinga boðað komu sína, samhliða stefnum við á að hafa víkingabúðir frá 11. júní þar sem gístaðstöðu er í tjöldum og í íþróttahúsinu eftir atvikum. Þar búa víkingar við kost sem líkist því sem var í búðum fornanna. Við hyggjumst hafa opið almenningi um helgina frá 14. til 17. júní án endurgjalds. Búðirnar yrðu síðan teknar niður 18. júní.

Þá langar okkur til að setja upp veitingatjald þar sem almenningur gæti keypt eitthvað matarkyns og drykki og ef til vill bjór. Við munum fá viðurkenndan veitingareksturaðila til að sjá um þá hlið.

Við munum sjá um gæslu á svæðinu sjálf meðan á þessu stendur.

Það sem við förum fram á er leyfi til að vera á Víðistaðatúni, grafa eldgryfjur og kveikja elda. Leyfi fyrir gistingu í íþróttahúsi Víðistaðaskóla frá 11. - 18. júní fyrir gesti. Aðstoð við kynningu og salernistaðstöðu.

Með vinsemd og virðingu,  
Hafsteinn Pétursson  
Jarl Rimmugýgjar

Hafsteinn Kúld Pétursson  
Ölduslóð 11  
220 Hafnarfjörður  
Tel. 354 565 33 34  
Mob. 354 899 97 75

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)